

**27** háæruverðugi herra, umsóknarbrjef það frá fyrrum aðstoðarpresti í Stafholti, sjera Stefáni 28. janúar Jónssyni, um Helgastaðaprestakall í Suður-Þingeyjar prófastsdæmi, er þjer senduð hingað með þóknanlegu brjefi yðar 25. nóvember f. á., vil jeg samkvæmt tillögu yðar í brjefi þessu skora á yður, að láta leita á löglegan hátt samkvæmt 10. gr. sbr. 3. gr. í lögum nr. 1, 8. janúar f. á., um hluttöku safnaða í veitingu brauða, tillögu hlutaðeigandi safnaðar um það, hvort hann kjósi heldur, að nefnt brauð verði veitt þessum eina umsækjanda, sem um það hefur sótt, eða að reynt verði fyrst um sinn að útvega því prestspjónustu til bráðabirgða á annan hátt. En jeg skal taka það fram, af því að mjer finnst sambandið á milli 3. og 10. greinar laganna eigi fullkomlega greinilegt, að jeg álit eigi, að til reglulegrar kosningargjörðar þurfi að koma, til að fá tillögu safnaðarins í framangreindu efni, ef sóknarnefndirnar innan þeirra 14 daga, er umsóknarbrjefið á að liggja til sýnis samkvæmt 3. gr., láta prófast vita, að söfnuðurinn ætli eigi að neyta tillögurjettar síns.

**28** Ágrip af brjefi landshöfðingja til *amtmannsins yfir suðuramtinu og vestur-* 3. febr. *amtinu um hallærislán handa Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.* — Með brjefi þessu var Snæfellsness- og Hnappadalssýslu veitt lán, að upphæð 2200 kr., til að afstýra hallæri, með þeim kjörum, að lánið verði ávaxtað með 4% árlega, og endurborgað með  $\frac{1}{8}$  á ári, eða á þann hátt, er alþingi síðar kann að ákveða.

**29** Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um* 18. febr. *leyfi til að halda lotterí.* — Með þóknanlegu brjefi, dags. 16. þ. m., hafid þjer. herra amtmaður, sent hingað ásamt álitu sýslumannsins í Árnessýslu erindi sóknarnefndarinnar í Stokkseyrarsókn, þar sem sótt er um leyfi til að halda lotterí um reidhest til ágóða fyrir hina fyrirhuguðu kirkjubyggingu á Fyrarbakka.

Út af þessu skal yður hjer með tjáð til frekari birtingar, að jeg veiti leyfi til að halda hið umrædda lotterí á þann hátt og í þeim tilgangi, sem tekið er fram í nefndu brjefi sýslumannsins í Árnessýslu, en forstöðumönnum lotterísins ber nákvæmlega að hegða sjer eptir þeim reglum, er þjer eða hlutaðeigandi lögreglustjóri kynni að setja því til tryggingar, að engin vandkvæði hljótist af lotteríinu.

**30** Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um skyldu* 19. febr. *stjúpbarna að framfæra stjúpforeldri sitt.* — Í brjefi 12. f. m., sem hingað hefur borizt beina leið, hefur hreppsnefndaroddivitinn í Staðarhreppi í Húnavatnssýslu. Gísli Sigurðsson, borid upp þá fyrirspurn, hvort stjúpbörn öreigans Arons nokkurs Guðmundssonar, sjeu skyld til að framfæra þennan stjúpföður sinn, og hefur hann jafnframt sent hingað eptirrit af brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 1. júní 1886, og brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 22. júní 1885, en í báðum þeim brjefum er fyrirspurn nefnds hreppsnefndaroddivita um þetta mál svarað svo, að á stjúpbörnum hvíli eigi skylda til að framfæra stjúpforeldri sitt.

Út af þessu skal yður hjer með tjáð, herra amtmaður, til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir ofan nefndum hreppsnefndaroddivita, að jeg er yður samdóma um, að þó álita megi lögákveðið, að stjúpfadir eigi að framfæra stjúpbörn sín, á meðan hann

lifir í hjónabandi við móður barnanna, þá leiði eigi þar af, að stjúpbörn hafi lagaskyldu 30 til þess að framfæra stjúpforeldra sína, en að öðru leyti getur hreppsnefndaroddviti þessi 19. febr. leitað úrslita dómstólanna um þetta mál.

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um kjörbækur við prestakosningar. 31**

— Í þóknanlegu brjefi 12. þ. m. hafa hin heiðruðu stiptsyfirvöld beiðst úrlausnar minn- 21. febr. ar úr eptirfylgjandi fyrirspurnum prófastsins í Rangárvalla prófastsdæmi, viðvíkjandi framkvæmd á lögum 8. jan. f. á., um hluttöku safnaða í veitingu brauða:

- 1., hvort prófastsdæminu eigi ekki að tilleggjast slíkar kjörbækur, sem nefndar eru í 6. gr. nefndra laga, og sje svo, þá í hverju formi og með hverju fyrir-  
komulagi,
- 2., á hvers kostnað þær eigi að tilleggjast,
- 3., hver eigi að löggilda þær.

Út af þessu vil jeg hjermeð þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbein-  
ingar og frekari birtingar það er nú skal sagt.

Um 1. Hvert prófastsdæmi á landinu á að hafa kjörbók, er hlutaðeigandi kjör-  
stjórnir skulu í rita skýrslu um það, sem gjörist á hverjum prestakosningarfundi í pró-  
fastsdæminu, og skal þá einnig innfæra sjálfa atkvæðagreiðsluna í kjörbókina í sama  
formi og hún á að sjást af kjörskránum. En kjörskrárnar eiga að vera lagaðar eins og  
kjörskrárnar til alþingis, þannig að þær innihaldi í sjerstökum dálkum nöfn kjósen-  
anda, þar sem í skal ritað nafn þess, er hann kys.

Um 2. Kostnaður við útvegum kjörbókanna verður greiddur úr landssjóði.

Um 3. Það virðist rjett, að biskupinn löggildi kjörbækurnar.

**S k ý r s l a**

32

um styrktarsjóði prestaskólans við árslok 1886.

**1. Prestaskólasjóðurinn.**

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1885:			
a, kgl. skuldabryef . . . . .	kr. 3100,00		
b, veðskuldabryef einstaks manns . . . . .	— 300,00		
c, peningar hjá forstöðumanni prestaskólans . . . . .	— 32,60	kr. 3432,60	
2. Vextir á árinu 1886:			
a, af kgl. skuldabryefum . . . . .	kr. 124,00		
b, af skuldabryefi einstaks manns . . . . .	— 12,00		
c, af peningum í sparissjóði . . . . .	— 0,87	— 136,87	
			kr. 3569,47

Útgjöld:

1. Styrkur veittur stúdentum . . . . .	kr. 100,00		
2. Eptirstöðvar við árslok 1886:			
a, kgl. skuldabryef . . . . .	kr. 3100,00		
			Flyt kr. 3100,00 kr. 100,00